

Forsætisnefnd

***Breyting á samþykkt um kjör og starfsaðstöðu kjörinna fulltrúa hjá Reykjavíkurborg -
uppfærsla á nöfnum ráða og nefnda og þóknun til fulltrúa í íbúaráðum.***

Skrifstofa borgarstjórnar hefur unnið breytingu á gildandi samþykkt um kjör og starfsaðstöðu kjörinna fulltrúa hjá Reykjavíkurborg. Breytt er 13. grein samþykktarinnar sem fjallar um þóknunir fyrir setu í fastanefndum þar sem tafla með skiptingu nefndanna er uppfærð með nýjum nöfnum nefnda og ráða.

Taflan var svona:

Flokkur I	Flokkur II	Flokkur III	Flokkur IV
Borgarráð	Forsætisnefnd	Heilbrigðisnefnd	Hverfisráð
Umhverfis- og skipulagsráð	Íþróttá- og tómstundaráð	Innkauparáð	Stjórn Listahátíðar
Skóla- og fristundaráð	Mannréttindaráð		
Velferðarráð	Menningar- og ferðamálaráð		
	Stjórnkerfis- og lýðræðisráð*		
(Barnaverndarnefnd)			
(Endurskoðunarnefnd)			

*Forsætisnefnd samþykkti á fundi sínum 13. nóvember 2015 að færa stjórnkerfis- og lýðræðisráð úr flokki I í flokk II.

Taflan verður svona eftir breytingu:

Flokkur I	Flokkur II	Flokkur III	Flokkur IV
Borgarráð	Forsætisnefnd	Innkauparáð	Íbúaráð
Mannréttinda- og lýðræðisráð	Fjölmeningarráð	Aðgengis- og samráðsnefnd	Stjórn Listahátiðar
Menningar- íþróttá- og tómstundaráð	Ofbeldisvarnarnefnd		
Skipulags- og samgönguráð	Öldungaráð		
Skóla- og fristundaráð			
Umhverfis- og heilbrigðisráð			
Velferðarráð			
(Barnaverndarnefnd)			
(Endurskoðunarnefnd)			

Einnig hefur verið bætt inn í nýrri grein í samþykktina varðandi fulltrúa í íbúaráðum þar sem lagt er til að fastar mánaðarlegar þóknunir falla niður sæki fulltrúi í íbúaráði ekki fundi samfleytt í 3 skipti, nema að lögmæt forföll s.s. veikindi hamli. Fær viðkomandi þá greitt pr. setinn fund fram að næstu áramótum.

Þess er óskað að forsætisnefnd samþykki ofangreindar breytingar á samþykktinni.

Virðingarfyllst

Helga Björk Laxdal
skrifstofustjóri borgarstjórnar

Hjálagt:

Samþykkt um kjör og starfsaðstöðu kjörinna fulltrúa hjá Reykjavíkurborg - með breytingum